

Ed. 768. Frumvarp til laga [418. mál]

um breytingu á lögum nr. 49/1986, um þjóðaráttak til byggingar Þjóðarbókhlöðu, sbr. l. nr. 40/1987.

Flm.: Halldór Blöndal, Salome Porkelsdóttir, Egill Jónsson,
Guðmundur H. Garðarsson, Eyjólfur Konráð Jónsson.

1. gr.

3. másl. a-liðar 2. gr. laganna orðist svo: Þó skal ekki leggja sérstakan eignarskatt á eignir manna sem orðnir eru 67 ára eða eldri fyrir upphaf hlutaðeigandi gjaldárs né heldur þá menn sem nutu örorkulífeyris skv. II. og IV. kafla laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, á því tekjuári sem næst er á undan álagningarári.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1988 vegna tekna og eigna í lok ársins 1987.

Greinargerð.

Það hefur yfirleitt verið svo að skattaleg réttindi öryrkja og ellilífeyrisþega hafa verið hin sömu. Fyrir því liggja augljósar ástæður. Þó var það svo, þegar sett voru lög um sérstaka fjáröflun vegna húsnæðismála á árunum 1985 og 1986, að ellilífeyrisþegar voru undanþegnir eignarskattsauka en öryrkjar ekki og var ákvæði laganna síðan tekið orðrétt upp í lögum um þjóðaráttak til byggingar þjóðarþóklöðu. Hinn 16. mars 1987 féll úrskurður ríkisskattanevndar varðandi þetta atriði á þá lund að kærandanum, sem var 75% öryrki og naut örorkulífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins, sömu upphæðar og ellilífeyrisþegar, var gert að greiða eignarskattsauka, en úrskurður ríkisskattanevndar er prentaður sem fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Flutningsmenn eru þeirrar skoðunar að engin efnisrök standi til þess að gera með þessum hætti upp á milli öryrkja og þeirra sem orðnir eru 67 ára og er frumvarpið flutt til þess að eyða þeirri mismunun.

Fylgiskjal.

Ríkisskattanevnd.
Kæra 17. des. 1986.

Úrskurður nr. 212. (16. mars 1987.)

Kærð er álagning eignarskattsauka gjaldárið 1986.

Við frumálagningu opinberra gjalda gjaldárið 1986 var lagður eignarskattsauki á kæranda að fjárhæð 7708 kr. Þessari álagningu var mótmælt af hálfu umboðsmanns kæranda í kæru til skattstjóra, dags. 26. ágúst 1986, með þeim rökum að kærandi væri 75% öryrki og nyti því örorkulífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins, sömu upphæðar og ellilífeyrisþegar, en þeim væri ekki gert að greiða eignarskattsauka. Skattstjóri tók kærana til úrlausnar með kærúrskurði, dags. 18. nóvember 1986. Hafnaði hann kröfu kæranda með því að ekki væri fyrir hendi lagaheimild til niðurfellingar eignarskattsauka í tilviki kæranda þar sem hann væri yngri en 67 ára og því ekki undanþeginn álagningu skatts þessa.

Kærúrskurði skattstjóra hefur af hálfu umboðsmanns kæranda verið skotið til ríkisskattanevndar með kæru, dags. 17. desember 1986. Er þess krafist að fyrrnefndur eignarskattsauki, 7708 kr., verði felldur niður með sömu rökum og fram koma í kærinni til skattstjóra. Sé vandséð hvaða ástæður löggjafinn hafi haft til þess að gera mun á öryrkjum og ellilífeyrisþegum í lögum um eignarskattsauka þar sem þessir aðilar hafi hingað til haft sömu skattalegu réttindin.

Með bréfi, dags. 6. febrúar 1987, gerir ríkisskattstjóri svofelldar kröfur í málinu f.h. gjaldkrefjenda:

„Að úrskurður skattstjóra verði staðfestur með vísan til forsendna hans.“

Hinn umdeildi skattur var álagður skv. 2. gr. laga nr. 48/1985, um sérstaka fjáröflun vegna húsnæðismála á árunum 1985 og 1986. Í niðurlagsákvæði a-liðar 1. mgr. nefndrar lagagreinar, en í staflið þessum er fjallað um álagningu eignarskattsauka á eignarskattsstofn manna samkvæmt nánar tilgreindum reglum, er sú undantekning ein gerð frá álagningu

skatts þessa að hann skal ekki lagður á eignir manna sem eru 67 ára eða eldri. Undanþága þessi tekur samkvæmt berum orðum sínum eigi til tilviks kæranda og eigi verður talið að aðrar lögskýringar geti leitt til þess að kærandi leysist undan skattskyldu í þessum efnum. Með þessum athugasemdum þykir bera að staðfesta hinn kærða úrskurð skattstjóra.

Úrskurðarorð:

Hinn kærði úrskurður skattstjóra er staðfestur.

Úrskurð þennan kváðu upp Ólafur H. Ólafsson, Skúli Pálsson og Gylfi Knudsen.